

Leiðbeiningar vegna próftöku í bóklegum flugprófum hjá Samgöngustofu

Prófið er tekið í tölvu Samgöngustofu í Secure browser. Í Secure browser er ekki hægt að opna önnur forrit eða vafra á meðan prófi stendur. Ef reynt er að opna önnur forrit eða vafra slekkur prófið á sér og ekki er hægt að opna það aftur.

Skráningarblað sem dreift er fyrir fyrsta próf dagsins á ábyrgð og í vörslu próftaka þar til síðasta próf dagsins hefur verið tekið.

Innskráningar ferli:

Skrá inn notendanafn og lykilorð, eins og það kemur fram á skráningarblaði. Muna eftir bandstriki fyrir framan fjóra síðustu tölustafi í kennitölu.

Lesið yfir skilmála og reglur sem birtast á skjánum og hakið við samþykkt ef skilmálar eru samþykktir.

Valmynd birtist próftökum - sjá sýnishorn hér að neðan:


<http://iaa-demo.lplus-teststudio.de/webtrainer-assistent/DemoLogin.aspx> (ath. þarf að aftengja sprettiglugga-vörn (e. pop-up blocker) til að síða virki)

Það er á ábyrgð próftaka að velja rétt próf og tungumál. Val um tungumál birtist þegar próftaki ýtir á „Start“ hnapp.

Prófið sjálft:

Yfirsetumaður má ekki svara efnislegum spurningum varðandi prófið.

Mark: Hægt er að merkja spurningu sem þið ætlið að fara betur yfir seinna í prófinu. Ekki er nauðsynlegt að taka það af áður en prófi lýkur.



Comment: Ef þið hafið athugasemdir við spurningarnar þá er hægt að ýta á comment í tækjaslá. Þá opnast skilaboðagluggi sem er hægt að skrifa í við hverja spurningu.



Annex: Á tækjaslánni er hnappur sem stendur á Annex, þar birtast fylgiskjöl þegar það við á.



Próftíma má sjá í efra hægra horni. Þegar minna en 5 mínútur eru eftir af prófinu verður klukka rauð á litinn.

Remaining time: **00:13:55**

Ef upp koma tæknileg vandamál á meðan próftöku stendur skal próftaki rétta upp hönd og bíða eftir hjálp frá yfirsetumanni. Ekki slökkva á tölvunni eða endurræsa hana.

Útskráning úr prófi:

Þegar próftaki vill skrá sig úr prófi skal ýta á rauðan „Quit“-takka á tækjaslá, svo „yes“ til að staðfesta. Ekki er hægt að fara í próf eftir staðfestingu. Að því loknu er ýtt á bláan „logout“-takka.